

Heimspeki í fyrstu óld
(Heimskringla 1994), 157 - 168.

Isaiah Berlin

(1909)

Berlin fæddist í Riga í Lettlandi en sex ára gamall fluttist hann ásamt foreldrum sínum til Péturborgar. Þar lifði Berlin bytingar lýðræðissinna og síðar bolsévíka. Hann varð eitt sinn vitni að því að æstur mágur dró burt löggregljón, fölan og örvaréntingarfullan, vafalaust til að mæta örlogum sínum. Sú reynsla fyltti Berlin ævarandi andúð á ofbeldi, en að öðru leyti markaði þessi ógnaröld ekki djúp spor í barnshugann. Bytingarnar urðu þó til þess að fjólskyldan tók sig enn upp og fluttist að þessu sinni til Englands.

Berlin stundaði nám við skóla Heilags Páls í Lundúnum og síðar í Oxford. Um árabil starfaði hann fyrir bresku utanríkisþjónustuna, en frá lokum fimmtra áratugarins hefur hann helgað sig fræðistörfum, kenndi áratugum saman í Oxford og var oft gistiþrófessor við Harvard og viðar vestanhofs.

Isaiah Berlin er vafalaust einn af virtustu og áhrifamestu stjórnmálaheimspekingum síðari áratuga. Rit hans eru reyndar fæst hrein stjórnspeki, heldur fjalla þau jafnan í og með um hugmyndasögu, bókmenntir eða önnur svíð heimspeki. Greinin sem hér birtist er að líkendum það af skrifum Berlins sem mest hefur verið lesið, og hún hefur haft feikileg áhrif á alla umfjöllun um frelshugtakið frá því að hann flutti hana fyrst sem fyrirlestur árið 1954. Greinin fjallar um greinarmun neikvæðs og jákvæðs frelsis og er vandfundin alvarleg umfjöllun um frelshugtakið sem ekki styðst að einhverju leyti við greiningu Berlins eða er innan þess ramma sem hann markar.

Berlin var upp á sitt besta uppúr óldinni miðri og var samtiða mōrgum pekkum heimspekingum í Oxford þótt hann drægi lítt dám af þeim. Hann reis öndverður gegn hinni þróngu greinispeki og orðhengilshætti, sem þá reið röftum í Oxford. Heimspeki var í hans augum alls óskyld bæði raunvisindum og strangri formrökræði. Frá hans bæjardyrum séð fæst heimspeki við að leggja niður fyrir sér eðli mannsins, eðli sögunnar og samfélags manna.

Berlin setur í öndvegi fræða sinna tvö höfuðhugtök: einhyggju og fjölyggju. Einhyggjan leitast við að setja hvaðeina upp í kerfi. Einhyggjusíðfræði og -samfélagsfræði dregur fram samræmdar skýringar á öllum samfélagsfyrirbærum. Í þeim eru allir árekstrar jafnaðir út. Ein-

hyggjusjöfræðin raðar öllum gildum í stiga, og í efsta þepinu er *summum bonum*, eitt allsráðandi síðagildi, og öll önnur raðast undir það. Þar er straujað yfir öll átök milli frelsis og jafnréttis, gagnsemi og réttlætis, einstaklings og samfélags. Berlin þóttist merkja að þessi hugsunaráttur væri höfuðstraumur í hugsun Vesturlandamanna, frá Platoni til Hegels og Marx.

Fjölyggja heldur því fram að á vettvangi mannlífsins takist ýmis gildi á, og að þeim verði aldrei troðið í einn poka svo vel fari, frelsið togist ætíð á við jafnrétti og réttlæti. Það er höfuðboðskapur Berlins að fjölyggja sé lífsnauðsyn síðmenntuðum samfélögum. Maðurinn er sjálfstæð, skynsöm og frjáls vera. Eðli hans er að velja. Menn verða að njóta frelsis til að aðhyllast þau gildi sem þeim hentar.

Einhygjan gengur þvert gegn eðli mannsins. Samt hefur fjölyggjan aldrei orðið þjóðvegur vestrannar hugsunar. Menn sækjast eftir því óryggi sem fylgir því að búa í skipulögðu gildakerfi. Frelsið er áskorun á hvern mann að standa undir því að nýta skynsemi sína og þeirri ábyrgð sem því fylgir. Einhyggjan býður aftur á móti upp á það að vita nákvæmlega hvað skynsemin býður mönnum og kveður menn frjálsa þegar þeir lúta þeim boðum. Frelsið er þá fólgjð í því að kúga menn undir skynsemina og þrýsta þeim til að hverfa frá allri rökleysu og gediþóttu. Það að kúga menn undir skilgreinda skynsemi er frelsið. Lögin og þar með vilji valdhafans eru frelsi í raun. Þetta kallað Berlin jákvætt frelsi.

Gegg þessu rís Isaiah Berlin. Frelsið er ætíð frelsi undan nauðung, frelsi til að velja, hvort sem menn vilja heldur góðan kost eða vondan, skynsamlegan eða óskynsamlegan. Þetta er neikvætt frelsi. Með þessa greiningu á einhygju og þetta frelshugtak greiðir Berlin öllum einræðisherrum og alræðisríkjum þungt högg.

Síðað samfélag þarfnað fjoþyggju. Samfélag sem hefur hana í heiðri gefur sér að vísu rétt til að þrengja að frelsi eða víkka það til samræmis við hag þess samfélags og hagræðir þá réttlæti eftir því. Samt gerir það sem minnst af því að gera upp á milli verðmæta.

En hversu mjög má jafnréttið þrengja að frelsinu? Hvar eru mörkin milli þess, sem heitir „félagslegt réttlæti“ og „þjóðarhagur“, og frelsis einstaklingsins? Ef einstaklingurinn á að hafa frelsi til að velja, hvort sem hann vill heldur gott eða illt, hvað á þá að segja ef hann velur óryggi alræðisins?

Þetta er veika hlíðin á fjoþyggju Berlins.

Þýðing sú er hér birtist er gerð eftir styttri útgáfu af fyrirlestri sem Isaiah Berlin flutti við Oxfordháskóla 31. október 1954. Upphaflega útgáfan er prentuð í bók Berlins: *Four Essays on Liberty*, Oxford University Press 1969, en styttri útgáfuna er að finna í ritgerðasafninu *Political Philosophy*, sem Anthony Quinton ristýrði fyrir Oxford University Press, 1967. Lesturinn er birtur með góðfúslegu leyfi Oxford University Press.

Tvö hugtök um frelsi

I

Að þvinga mann er að svipta hann frelsi — en frelsi undan hverju? Næstum hver einasti síðspekingur í sögu mannkyns hefur lofað frelsið. Merking þessa orðs, rétt eins og hamingju og gæsku, eins og eðlis og raunveruleika, er svo gjúp að það lætur undan svotil hverri túlkun. Æg hef hvorki í hyggju að ræða sögu þess né þær riflega tvö hundruð merkingar sem hugmynda-sagnfræðingar hafa fundið á þessu síhvikula orði. Æg ætla aðeins að gaum-gæfa tvaer þessara merkinga, en þær eru veigamestar, og hafa að baki sér mikla mannkynssögu og enn meiri óorðna, þori ég að fullyrða. Sú fyrri þessara stjórnmálalegu merkinga frelsis, sem ég (að gefnu fordæmi) kalla hina „neikvæðu“ merkingu, er fólgin í svari við spurningunni: Innan hvaða svíðs ætti einstaklingi eða hópi að leyfast að vera eða gera það, sem hann er fær um að vera eða gera, án afskipta annarra? Hin síðari, sem ég kalla hina „jákvæðu“ merkingu, er fólgin í svarinu við spurningunni: Hvað eða hver er uppsprettu þeirrar stjórnunar eða afskipta, sem getur ákvárdæð að einhver sé eða geri eitt fremur en annað? Þessar spurningar eru augljóslega ólíkar þó svörin við þeim kunni að skarast.

Hugtakið um „neikvætt“ frelsi

Ég er yfirleitt talinn frjáls að því marki sem enginn maður skiptir sér af athöfnum mínum. Stjórnmálalegt frelsi er í þessum skilningi einfaldlega það svæði sem maður hefur til athafna óhindraður af öðrum. Ef annað fólk hindrar að ég geri það sem ég annars gæti gert þá er ég að því marki ófrjáls, og ef aðrir menn þrengja sér inn á þetta svæði mætti segja mig vera þvingaðan eða jafnvel ánaudugan. Þvingun á samt ekki við um vanmátt af öllu tagi. Ef ég er ófær um að stökkva meira en tíu fet í loft upp, get ekki lesið vegna þess að ég er blindur, eða er fyrirmunað að skilja hin myrkari skrif Hegels væri sérviska að segja mig að því leyti þvingaðan eða ánaudugan. Þvingun felur í sér viljandi íhlutun annarra manna á svíði þar sem ég væri annars frjáls til verka. Maður er því aðeins stjórnmálalega ófrjáls að aðrir menn hindri hann í að ná takmarki.¹ Vanmáttur einn og sér til að

1 Ég er að sjálfssögðu ekki að halda fram andstæðu þessa.

ná takmarki er ekki stjórnmálalegt ófrelsi.² Þetta verður ljóst af notkun nútímaorðasambanda á borð við „efnahagslegt frelsi“ og „efnahagsleg nauðung“. Því er heldið fram, og er ekki fráleitt, að sé maður of fátækur til að hafa efni á einhverju sem honum er ekki meinað með lögum, svo sem brauðhleif, hnattferð eða málsókn fyrir rétti, þá sé honum það jafn-ófrjálst og ef honum væri það bannað með lögum. En væri fátækt míin eins konar sjúkdómur sem hindraði mig í að kaupa brauð, greiða fyrir hnattferð eða að tala málí mínu fyrir rétti, rétt eins og helti hindrar mig í að hlaupa, þá væri þessum vanmætti ekki eðlilega lýst sem skertu frelsi, og allra síst sem skertu stjórnmálalegu frelsi. Ég lít ekki á mig sem fórnarlamb nauðungar og þrældóms nema að ég trúi því að aðrir hafi komið hlutum svo fyrir að mér sé útilokað, en öðrum ekki, að hafa næga peninga milli handa til að greiða fyrir þessa hluti. Með öðrum orðum þá veltur notkun þessa hugtaks á ákveðinni þjóðfélags- og hagfræðikenningu um orsakir fátæktar minnar og veikleika. Aðeins ef ég fellst á slíka kenningu tala ég um efnalegan skort minn, sem á rætur í andlegum eða líkamlegum vanmætti, sem frelsisskerðingu (en ekki aðeins sem fátækt).³ Ef ég trúi því að auki að skorti mínum sé viðhaldið með fyrirkomulagi sem ég tel óréttlátt eða ósanngjarnt, tala ég um efnahagslegan þrældóm eða kúgun. „Eðli hlutanna ærir okkur ekki, það gerir aðeins illur vilji,“ sagði Rousseau.⁴ Mælikvarðinn á kúgun er sá hvern þátt ég tel að aðrir menn eigi í að kæfa óskir mínar, með beinum eða óbeinum hætti, viljandi eða óviljandi. Með frelsi í þessum skilningi á ég við það að aðrir skipti sér ekki af mér. Því meira svigrúm sem ég hef ótruslaður, því meira er frelsi mitt.

Þetta er það sem hinir sígildu ensku stjórnmálaheimspekingar áttu við þegar þeir notuðu orðið.⁵ Þá greindi á um hversu mikið svigrúm menn gætu haft eða ættu að háfa. Þeir gerðu ráð fyrir að það gæti ekki verið ótakmarkað, því þá fæli það í sér ástand þar sem allir menn gætu takmarkalaust skipt sér af öllum öðrum mónum, og slíkt „náttúrulegt“ frelsi leiddi af sér ringulreið í þjóðfélaginu þar sem lágmarksþörfum manna yrði ekki fullnægt. Eða að ótakmarkað frelsi leiddi til þess að frelsi hinna veiku yrði

2 Helvetius sagði þetta ákasflega skýrt: „Hinn frjálsi maður er sá sem ekki er í járnum, né fangi í dýflissu, né ógnað með refsingu eins og þræl... það er ekki ófrelsi að fljúga ekki eins og örн eða synda sem hvalur.“

3 Hin marxíska kennung um þjóðfélagslög er að sjálfssögðu þekktasta mynd þessarar kennningar, en hún skipar einnig stóran sess í sumum kristnum kenningu, kennungum nytjahyggjumanna og öllum sósialískum kennungum.

4 Jean-Jacques Rousseau (1712–1778) var franskur heimspekingur. Frægasta stjórnspékir hans er *Samfélagsáttmálinn* (*Le Contrat social*) frá 1762. (Þjöld.)

5 „Frjáls maður,“ sagði Hobbes, „er sá sem... ekki er hindraður í því sem hann hefur vilja til.“ Lög eru ávallt „fjótrar“, jafnvel þó þau bjargi þér frá því að lenda í þyngri fjótrum, svo sem fjótrum geðþóttakenndrar hardstjórnar eða ringulreiðar. Bentham er honum nokkuð sammála.

fótum troðið af hinum sterku. Vegna þess að þeir skildu að margvislegar ætlanir og athafnir manna samræmast ekki sjálfkrafa hver annari og vegna þess að (hver svo sem hin opinbera kenning þeirra var) þeir mátu mikils önnur markmið, svo sem réttlæti, hamingju, menningu, öryggi eða, að mismiklu marki, jöfnuð, voru þeir reiðubúnir að takmarka frelsi í þágú annarra gilda, eða jafnvel í þágú frelsisins sjálfss. Án þess var ómögulegt að mynda þá blöndu sem þeim þótti eftirsóknarverð. Þessum hugsuðum þótti því að svigrúm manna til fjárlsra athafna yrði að takmarka með lögum. En þeir, sérstaklega frjálslyndir hugsuðir á borð við Locke⁶ og Mill⁷ á Englandi og Constant⁸ og Tocqueville⁹ í Frakklandi, töldu jafnframt að það yrði að afmarka lágmarkssvið persónufrelsис, sem undir engum kringumstæðum mætti troða á; því ef ruðst er inn á það mun einstaklingnum finnast svo að sér þrengt að hann getur ekki einu sinni náð lágmarksþroska þeirra hæfileika sinna sem nauðsynlegir eru til að nálgast, eða skilja, hin ýmsu markmið sem menn telja góð, rétt eða heilög. Af þessu leiðir að draga verður mörk á milli einkalifs og þess lífs sem lúta skal almennri stjórn. Hvar þau mörk skulu dregin er verðugt rökræðu- eða rifrildisefni. Menn eru í mörgu hver öðrum hádir, og athafnir manns eru aldrei svo algert einkamál hans að þær trufli ekki líf annarra á einhvern hátt. Eins manns frelsi er annars helsi, frelsi eins hlýtur að setja öðrum skorður.¹⁰ En raunhæfa málamiðlun verður að finna.

6 John Locke (1632–1704) var enskur heimspekingur og upphafsmáður breskarar raunhyggju. Meginstjórnspékit hans og grundvallarriti í frjálshyggju er *Rüterð um ríkisvald* sem út kom á íslensku 1986 í þýðingu Atla Harðarsonar. (Þjöld.)

7 John Stuart Mill (1806–1873) var enskur heimspekingur, lærísteinn Jeremys Bentham (1748–1832) og ásamt honum helsti höfundur nytjastefnunnar. Rit hans *Frelsisíð*, sem út kom á íslensku 1970 í þýðingu Jóns Hnefils Ádalsteinssonar og Þorsteins Gylfasonar, er ein glæsilegasta vörn allra tíma fyrir einstaklingsfrelsi. Berlin átti meðal annars ríkan þátt í að hefja frelsishugmyndir Mills aftur í hásæti með hinni frægu grein sinni „John Stuart Mill and the Ends of Life“ sem hann ritaði á aldarafmæli *Frelsisins* árið 1959. (Þjöld.)

8 Benjamin Constant de Rebecque (1767–1830) var franskur rithöfundur og stjórnmálamáður, frægastur fyrir skáldsöguna *Adolphe* sem segir frá ástarsambandi hans við skáldkonuna Madame de Staél. (Þjöld.)

9 Alexis de Tocqueville (1805–1859) var franskur stjórnspékingur, frægastur fyrir mikið rit sitt *Um lýðræðið í Ameríku, De la democratie en Amerique* sem er sigild rannsókn á lýðræði. (Þjöld.)

10 Sumir hafa bætt við þetta að frelsi fyrir háskólkennara í Oxford sé ekki það sama og frelsi fyrir smábónda í Egyptalandi.

Þessi fullyrðing öðlast vægi sitt af nokkru sem er í senn satt og mikilvægt, en í stjórnmálum er þessi frasi innantómt orðagjálfur. Það er háðung að þjóða hálfnökktum, ólæsum, vannærðum og sjúkum mónum stjórnmálaleg réttindi eða vernd gegn ríkisafskiptum; þeir þarfust læknishjálpar eða menntunar áður en þeir geta skilið eða nýtt sér aukið frelsi. Hvað er frelsi-þeim sem ekki geta fært sér það í nyt? Hvers virði er frelsi án fullnægjandi skilyrða til frelsis?

Heimspekingar svo sem Locke, Adam Smith¹¹ og á stundum Mill, sem

Frumþörfum þarf að sinna fyrst: róttækur nítjándu aldar rithöfundur í Rússlandi lýsti því yfir að til væru þær aðstæður að stígvél væru æðri verkum Shakespeares; einstaklingsfrelsi er ekki frumþörf allra manna. Því frelsi er ekki það eitt að vera laús undan hvers kyns helsi, það myndi blása upp merkingu orðsins þar til það merkti of mikil eða of lítið. Egypski smábóndinn þarfnaðast klæða og lysja fremur en persónufrelsis, en það lágmarksfrelsi sem hann þarfnaðast nú, og hið aukna frelsi sem hann gæti þarfnað síðar, er ekki sérstakt frelsi einkennandi fyrir hann, heldur er það sömu tegundar og frelsi prófessorra, listamanna og milljónamaðringa.

Það sem truflar samvisku frjálslyndra manna á Vesturlöndum er ekki, trúi ég, sú skoðun að menn leiti ólíks frelsis eftir efnum sínum og aðstæðum, heldur að sá minnihlut sem nýtur frelsis hefur öðlast það með því að arðræna, eða að minnsta kosti skeyt ekki um, þann mikla meirihluta sem nýtur þess ekki. Þeir trúu því, og af gildum ástæðum, að sé einstaklingsfrelsi hið endanlega markmið manna, ætti enginn að svípta annan því. Og allra síst ættu sumir að njóta þess á kostnað annarra. Jafnt frelsi fyrir alla; að gera ekki öðrum það sem ég vil ekki að þeir geri mér; að endurgjalda skuld mína við þá sem einir hafa gert frelsi mitt, velferð og menntun mögulega; réttlæti í sínum einfaldasta og almennasta skilningi — þetta eru stöðirnar undir síðferði frjálslyndra manna. Frelsi er ekki eina markmið manna. Ég gæti sagt, eins og hinn rússneski gagnrýndi Belinski, að eigi að svípta aðra frelsi — eigi bræður mínr að lifa fjötraðir í fátækt og volæði — þá vilji ég það ekki sjálfur, hafni því og kjósi miklu fremur að delia með þeim þeirra hlutskipti. En það græðist ekkert á því að brengla hugtökum. Til að forðast argasta óréttlæti eða almenna eymd er ég reiðubúinn að fórná frelsi mínu öllu eða að hluta. Ég get gert það af fúsum og frjálsum vilja, en þá er ég að fórná frelsi í þágu réttlætis eða jafnaðar eða af náungakærleika. Ég myndi með rétu fyllast sektarkennd væri ég ekki, við einhverjar aðstæður, reiðubúinn að færa þessa fórn. En að færa fórn er ekki að auka við það sem fórnad er, það er frelsi, hversu mikil sem síðferðileg þörf eða ávinnungur af fórninni kann að vera. Hlutina skal nefna sínum réttu nöfnum: frelsi er frelsi en ekki jöfnuður, saangið, réttlæti, menning, hamingja eða hrein samviska. Velti frelsi mitt, stéttar minnar eða þjóðar á eymd fjölda annars fólks, þá er það kerfi sem stuðlar að slíku óréttlátt og síðlaust. Skerði ég eða tapi frelsi mínu til að minnka skómm slíks ójafnaðar, en auki ekki um leið frelsi annarra, þá tapast frelsi. Það má vera að aukið réttlæti, hamingja eða friður bæti það upp, en tapið er það sama og það er brenglað gildismat að segja að þó „frjálslynt“ einstaklingsfrelsi mitt fari forgörðum aukist eindver önnur tegund frelsis, „félagslegt“ eða „efnahagslegt“. Það er samt rétt að á stundum þarf að skerða frelsi sumra til að tryggja frelsi annarra. Eftir hvaða frumreglu skal þetta gert? Sé frelsi heilagt og ósnertanlegt, getur slík regla ekki verið til. Að minnsta kosti verður önnur hvor þessara reglna að víkja þegar á reynir: og ástæðum þess er ekki ávallt hægt að lýsa, hvað þá að alhæfa þær í reglur eða algild lögumál.

¹¹ Adam Smith (1723–1790) var skoskur heimspekingur, þekktastur fyrir undirstöðurit hagfræðinnar *An Inquiry into the Nature and Causes of the Wealth of Nations*. (Þýð.)

litu mannlegt eðli bjartsýnisaugum og trúðu því að hægt væri að samrýma hugðarefni manna, álitu að sátt í samfélagi og framfarir gætu átt samleið með því að einkalífi manna væri gefið mikil svigrúm sem hvorki ríkinu né nokkru öðru yfirvaldi leyfist að skerða. Hobbes og þeir sem honum samsinntu, einkum íhaldssamir hugsuðir, héldu því fram að ef koma ætti í veg fyrir að menn eyðilegðu hver annan og gerðu samfélagið að frumskógi, yrði taumhaaldið að vera sterkara til að halda mönnum í skefjum, og þeir vildu samkvæmt því víkka svíð miðstjórnarvalds og minnka vald einstaklingsins. En allir voru þeir sama sinnis um að nokkur hluti mannlegrar tilveru skyldi vera utan seilingar félagslegs valds. Hin minnsta ásælni inn á það verndarsvæði væri harðstjórn. Benjamin Constant var mælkastur allra verjenda frelsis og einkalifs. Hann hafði ekki gleymt einræði Jakobína og sagði að það yrði að minnsta kosti að tryggja frelsi til trúar, skoðunar, tjáningar og eigna gegn geðþóttakenndum átroðningi. Jefferson, Burke, Paine¹² og Mill settu saman annars konar skrár um frelsi til handa einstaklingum, en röksemadirnar fyrir því að úthýsa yfirvöldum eru í höfuðatriðum ávallt þær sömu. Viljum við ekki „smána og afneita eðli okkar“ verðum við að standa vörð um lágmarkssvið persónulegs frelsis. Við getum ekki verið algerlega frjáls og verðum að sjá á eftir nokkru af frelsi okkar til að varðveita það sem eftir er. En að gefa sig algerlega á annarra vald er athöfn sem ógildir sjálfa sig. Hvar skulu mörkin dregin? Mörkin liggja umhverfis það sem maður getur ekki afsalað sér án þess að litilsvirða innsta kjarna sín mannlega eðlis. Hver er þessi kjarni? Hvaða kvarða felur hann í sér? Þetta hefur verið og mun hugsanlega ávallt verða óþrójandi þrætuefni. En hvert sem það lögumál er sem ákvæð skal mörk friðhelginnar, náttúruleg eða réttur, nytsemi eða ályktanir af skilyrðislausu skylduboði, helgur þjóðfélagssáttmáli eða hver önnur hugmynd sem menn hafa notað til að skýra og réttlæta sannfæringu sína, þá er frelsi í þessum skilningi frelsi undan einhverju; það að ekki er seilst til afskipta af því sem er handan hinna breytilegu en ávallt merkjanlegu marka. „Hið eina frelsi, sem á naðnið skilið, er frelsi til að freista gæfunnar að eigin vild“, sagði kunnasti baráttumaður þess. Sé þetta rétt, er þvingun þá nokkurn tíma réttlætanleg? Mill efaðist ekki um það. Úr því réttlæti veitir hverjum manni heimtingu á lágmarksfrelsi hlýtur það að meina öllum öðrum, með valdi sé þess þörf, að ganga á það frelsi. Eina hlutverk laganna var reyndar að koma í veg fyrir slíka árekstra: hlutverki ríkisins var þrengt niður í að vera það sem

¹² Thomas Jefferson (1743–1826) var forseti Bandaríkjanna 1801–1809. Hann var aðalhöfundur sjálfstæðisyfirlýsingarinnar. Edmund Burke (1729–1797) var enskur heimspekingur og stjórmálamaður, einn helsti kennivaldur íhaldsstefnu. Thomas Paine (1737–1809) var róttækur bandarískur rithöfundur og baráttumaður fyrir sjálfstæði landsins. (Þýð.)

Lasalle kallaði með vanþóknun hlutverk næturvarðar eða umferðarlögreglu.

Hvað gerði frelsi einstaklingsins svo heilagt í huga Mills? Hann lýsir því yfir í hinni frægu ritgerð sinni að sé mönnum ekki leyft að lifa að eigin vild „í því sem aðeins varðar þá sjálfa“, muni siðmenning ekki dafna; sé mönnum ekki frjálst að skiptast á hugmyndum mun sannleikurinn ekki koma fram í dagsljósið; það verður ekki rúm fyrir framkvæmdagleði, frumleika, snilld, fyrir andlegt atgervi og siðferðilegan kjark. Þjóðfélagið mun kremjast undan þunganum af „samsafni miðlungsmanna“. Alt hið fjölbreytilega og auðuga mun verða bugað af byrðum vanans, af ævarandi hneigð manna til að falla inn í hópinn, sem elur ekki af sér annað en „þverrandi sálargáfur“, „aðþrengda og einsýna“, „bælda og fjótraða“ menn. „Heiðin sjálfshafning er mikilvægur þáttur mannlífsins engu síður, en kristin sjálfsafneitun.“ „Allar þær vitleysur sem maður er líklegur til að gera, í bága við holl ráð og aðvaranir, vega ekki upp á móti öllu því boli sem hlýst af því að leyfa öðrum að rigbinda hann við það sem þeir telja sjálfir gott.“ Vörn frelsisins felst í því „neikvæða“ takmarki að bægja afskiptum frá. Það að hóta manni ofsóknum afsali hann sér ekki valfrelsi sínu; að loka honum öllum leiðum nema einni, hversu göfug sem leiðin er eða góður vilji þeirra sem það gera, er synd gegn þeim sannleika að hann er maður, vera sem hefur sitt eigið líf til að lifa. Þetta er frelsi í skilningi frjálslyndra manna allt frá dögum Erasmusar (Vilhjálms af Ockham myndu sumir segja) til okkar daga. Sérhver ósk um borgaralegt frelsi og réttindi til handa einstaklingum og sérhver mótmæli gegn arðráni og niðurlægingu, gegn yfirlægum opinbers valds eða mágsefjun vana éða skipulegs áróðurs, er sprottin af þessari einstaklingssinnuðu og umdeildu hugmynd um manninn.

Það er þrennt við þessa skoðun að athuga. Í fyrsta lagi slær Mill saman tveim ólíkum hugmyndum. Önnur hugmyndin er sú að öll þvingun sé slæm í sjálfri sér, að því marki sem hún brýtur í bága við langanir manna, þótt hún kunni að vera nauðsynleg til að koma í veg fyrir verra ból; en að afskiptaleysi, sem er andstæða þvingunar, sé í sjálfu sér gott, þó það sé ekki hin einu gæði. Þetta er hugtak hins „neikvæða“ frelsis í hinni sigildu mynd sinni. Hin hugmyndin er sú að menn skuli leita sannleikans eða þróa með sér þá manngerð sem Mill er þóknanleg — óttalaus, frumleg, hugmyndarík, óháð, svo óbundin klafa síða og venja að jaðrar við sérvisku og svo framvegis — og að aðeins frjálsir fái menn fundið sannleikann eða ræktad slíka manngerð. Þetta eru hvorutveggja frjálslynd viðhorf, en þau eru ekki eins, og tengsl þeirra í besta falli hending. Þar sem kreddur bera alla hugsun ofuriði myndi enginn halda því fram að sannleikurinn eða tjáningsarfelsi fái dafnað. En sagan virðist hins vegar sýna (eins og James Stephen heldur reyndar fram í hatrammri áras á Mill í riti sínu *Liberty, Equality, Fraternity*) að heilindi, sannleiksást og eldheit einstaklingshyggja

dafni síst verr í samfélagi þar sem strangur agi ríkir, eins og til dæmis meðal hreintrúaðra kalvínistara á Skotlandi eða Nýja Englands eða undir heraga, heldur en í umburðarlyndari og skeytningarlausari samfélögum. Ef fallist er á þetta hrynda til grunna rök Mills um frelsi sem nauðsynlega forsendu þess að mannleg smilld fái þrifist. Reynist þessi tvö markmið Mills ósamrýmanleg stendur hann frammi fyrir illvigri þraut, burtséð frá því að kenningar hans eru að auki ósamrýmanlegar strangri nytjahyggi, jafnvel hinnimannuðlegu útgáfu hans á henni.¹³

Í öðru lagi er kenningin tiltölulega nútímaleg. Í hinum forna heimi virðist engin umræða hafa verið um einstaklingsfrelsi sem meðvitaða stjórnmálalega hugsjón (sem er óháð því hvort það var raunverulega til). Condorcet hefur bent að hugmyndina um réttindi einstaklinga er ekki að finna meðal lagahugtaka Rómverja og Grikkja; og sama virðist gilda um Gyðinga, Kínverja og allar þær menningarþjóðir sem síðan hafa uppgötvast.¹⁴ Það hefur heyrt til undantekninga fremur en verið regla, jafnvel í seinni tíma sögu Vesturlanda, að þessi hugsjón hafi verið höfð í öndvegi. Og ekki hefur farið mikil fyrir frelsi í þessum skilningi í herópum hinna miklu fylkinga mannkyns. Sú ósk að verða ekki fyrir valdníðslu, að vera látninn í friði, er einkenni hámenningar bæði hjá einstaklingum og samfélögum. Sú hugmynd að einkalif sem slíkt og svið persónulegra samskipta séu friðhelg sprettur af frelsishugmynd sem í sinni fáguðu mynd er varla eldri en endurreisnin eða síðaskiptin.¹⁵ Samt myndi hnignun hennar marka endalok ákveðinnar síðmenningar og heillar siðferðilegar lífssýnar.

Þriðja einkenni þessarar hugmyndar um frelsi skiptir meira máli. Það er að frelsi í þessum skilningi er ekki ósamrýmanlegt einveldi, það krefst að minnsta kosti ekki sjálfstjórnar. Frelsi í þessum skilningi snýst fyrst og fremst um yfírráðasvæði en ekki uppsprettu stjórnar. Rétt eins og lýðræði getur í raun svípt þegna sína margs konar frelsi, sem þeir geta haft í annars konar samfélögum, er vel hugsanlegt að frjálslyndur einvaldur veiti sínum þegnum mikil fyrir einstaklingsfrelsi. Einvaldur sem eftirlætur þegnum sínum

¹³ Þetta er aðeins eitt dæmi um tilhneigingu flestra hugsuða til að telja að allt það sem þeir álita gott hljóti að vera nátengt eða í það minnsta fyllilega samrýmanlegt hvert öðru. Hugmyndasagan, sem og saga þjóða, er vörðuð ótal dæmum um að í harðræðiskerfum eru mótsagnakennd, eða að minnsta kosti sundurleit, öfl reyrd saman með handaflí, ellegar þau hanga saman af ótta við sameiginlegan óvin. Í fyllingu tímans líður hættan hjá og sundurlyndi rís meðal bandamannanna, og oft raskar það kerfinu, mannkyninu til mikilla heilla.

¹⁴ Sjá útlistun Michels Villey á þessu í *Leçons d'Histoire de la Philosophie du Droit* þar sem hann rekur rætur hugmyndarinnar um einstaklingsréttindi til Vilhjálms af Ockham.

¹⁵ Kristin trú (sem og gyðingleg og islómsk) á algildi guðdómlegra eða náttúrulegra laga, eða á jöfnuð allra manna fyrir augliti guðs; er mjög frábrugðin trú á frelsi manna til að lifa sem þá lystrir.

fnikið frelsi getur verið ranglátur, eða stuðlað að hömlulausum ójöfnuði, látið sig röð og reglu, dygð eða þekkingu litlu varða; en svo fremi sem hann heftir ekki frelsi þeirra, eða heftir það minna en margir aðrir valdhafar, þá stenst hann krófur Mills.¹⁶ Frelsi í þessum skilningi er að minnsta kosti ekki röklega tengt lýðræði eða sjálfstjórn. Það má vera að almennt tryggi sjálfstjórn betur frelsi borgaranna en önnur stjórnarform, og á þeirri forsendu hafa frjálsþygjumenn stutt sílka stjórn. En það eru engin nauðsynjatengsl milli einstaklingsfrelsis og lýðræðis. Svar við spurningunni „Hver stjórnar mér?“ er röklega óskyld spurningunni „Hve mikil skiptir stjórnin sér af mér?“ Í þessum mun birtist í rauninni hin mikla andstæða sem er milli hugtakanna um jákvætt og neikvætt frelsi.¹⁷ Vegna þess að hinn jákvæði skilningur frelsis kemur í ljós ef við reynum ekki að svara

16 Það má vissulega fára að því rök að í Prússlandi Fríðriks mikla eða Austurríki Jósefs II hafi hugmyndaríkir, frumlegir og skapandi menn, auk minnihlutahópa af öllu tagi, sætt minni ofsknum og verið beittir minni þrýstingi bæði stofnana og venja en í mórgu lýðræðisíki bæði fyrr og síðar.

17 Það er ákaflega erfitt að meta hversu mikil hið neikvæða frelsi er í tilteknum dænum. Það gæti við fyrstu sýn einfaldlega virst felast í valdi til að velja á milli minnst tveggja kosta. En valkostir eru mönnum samt sem áður ekki allir jafnfrjálsir, og sumir kostir eru mönnum alls ekki frjálsir. Ef ég svík vin minn jafnfrjálsir, og sumir kostir eru mönnum alls ekki frjálsir. Ef ég svík vin minn vegna þess að annars á ég pyntingar yfir höfði mér í alræðisíki eða vegna ótta við að missa starf, get ég með fullri skynsemi sagst hafa verið ófrjáls í breytni minni. En völin var samt að sjálfsögðu míni og ég hefði, að minnsta kosti frædilega séð, getað valið að vera dreppinn, pyntaður eða fangelsaður. Að hafa valkosti er þess vegna ekki nægilegt til að breytni míni sé frjáls, í venjulegum skilningi þess orðs (þó svo hún kunní að vera viljandi). Það hversu langt frelsi mitt nær virðist velta á (a) hversu margir möguleikar eru mér opnir (þó talning á þeim hljóti að vera lausleg. Möguleikar til breytni eru ekki aðgreinlanlegir hlutir og verða ekki taldir eins og epli); (b) hversu auðveldir eða erfidir möguleikarnir eru í framkvæmd; (c) hversu miklu máli þeir skipta í áætlunum mínum og hvernig þeir falla að persónu minni og aðstæðum hver í samanburði við annan; (d) að hversu miklu leyti þeir eru mér færir eða ófærir af manna völdum; (e) hvernig þjóðfélagið, en ekki aðeins gerandinn, metur ólíka möguleika. Það verður að fléfta saman vægi allra þessara þáttu og draga af því ályktun, sem samt verður aldrei nákvæm eða óumdeilanleg. Það má vel vera að um sé að ræða mörg ósammælanleg stig af frelsi sem verði á engan hátt metin á einn kvarða. Í þjóðfélögum fáum við oft (röklegra fáránlegar) spurningar á bord við „Myndi fyrirkomulag X auka frelsi herra A meira en það eykur frelsi herra B, C og D samanlagt?“ Sami vandi rís við beitingu nytjalögðmáls. En samt getum við, ef við krefjumst ekki nákvæmra mælinga, gefið gildar ástæður til að telja meðalþeign Svíakonungs mun frjálsari en meðalborgara rúmenska lýðveldisins. Við verðum að bera saman heildarlífsmynstur, þó erfitt eða jafnvel ógerlegt geti verið að gera grein fyrir því í hverju sá samanburður eða niðurstæða hans felst. En þessi óræðni hugtakanna og fjöldi ólíkra mælikvárða er eiginleiki viðfangsefnisins sjálfs en ekki ófullkomina mælitækja okkar eða vanhæfni okkar til nákvæmrar hugsunar.

spurningunni „Hvað leyfist mér að gera eða vera?“ heldur „Hver stjórnar mér?“ eða „Hver ákveður hvað mér leyfist eða leyfist ekki að vera eða gera?“ Tengsl lýðræðis og frelsis eru talsvert haldminni en þeim hefur virst sem mælt hafa fyrir hvoru tveggja. Ósk míni að ráða mér sjálfur, eða að minnsta kosti að taka þátt í þeim ákvörðunum sem líf mitt stjórnast af, getur verið fullt eins sterk og óskin um athafnafrelsí, og hugsanlega á hún sér lengri sögu. En þetta eru ekki óskir um það sama. Og svo ólikar eru þær reyndar að um síðir leiddi það til hins mikla árekstrar hugmyndakerfanna tveggja sem eru áhrifamest í heimi okkar. Því það er þetta — það er hið „jákvæða“ frelsishugtak, ekki frelsi undan, heldur frelsi til — sem fylgismenn hins neikvæða frelsis lýsa svo að það sé á stundum engu betra en blekkjandi dulargerfi grimmilegrar harðstjórnar.

II

Hugtakið um jákvætt frelsi

Hinn jákvæði skilningur orðsins „frelsi“ sprettur af ósk einstaklings til að vera sinn eigin herra. Ég vil að lif mitt og ákværðanir séu undir sjálfum mér komnar, en ekki ytri óflum af einhverju tagi. Ég vil vera verkfæri míns eigin vilja, en ekki vilja annarra manna. Ég vil vera persóna en ekki hlutur, ég vil hrærast af ástæðum, af meðvituðum ætlunum sem eru mínar eigin, en ekki af framandi orsókum. Ég vil vera einhver en ekki enginn; gerandi og ákværðandi, en ekki láta ákveða allt fyrir mig, stjórnna mér sjálfur en ekki láta stjórnast af ytri náttúru eða öðrum mönnum eins og ég væri hlutur, dýr eða þræll, ófær um að vera maður, og setja mér míni eigin markmið og stefnur og framfylgja þeim. Þetta er að minnsta kosti hluti þess sem ég á við þegar ég segist vera skynsemisvera og að skynsemi míni greini mig frá öðru í heiminum. Ég óska mér þess umfram allt að vera meðvitaður um sjálfan mig sem hugsandi og athafnasama veru með vilja, sem ber ábyrgð á vali sínu og getur skýrt það með vísan í eigin hugmyndir og ætlanir. Mér finnst ég frjáls að svo miklu leyti sem ég tel petta satt um mig, en ánaudugur að svo miklu leyti sem ég geri mér grein fyrir að svo er ekki.

Það frelsi sem felst í að vera sinn eigin herra, og það frelsi sem felst í að aðrir koma ekki í veg fyrir val manns, virðast á yfirborðinu alls ekki vera röklega fjarlæg hugtök, ekki annað en neikvæð og jákvæð leið til að segja sama hlutinn. Samt þróuðust hinar jákvæðu og neikvæðu hlíðar frelsishugtaksins hvor til sinnar áttar, og ekki ávallt eftir röklega virtum leiðum, þar til þær að lokum stóðu í algerri andstöðu hvor við aðra.

Ein leið til að varpa ljósi á þetta er að skoða það vægi sem líkningin um full yfirráð yfir sjálfum sér hefur fengið, þó hún hafi í upphafi ef til vill virst sakleysisleg. „Ég er minn eigin herra“, „ég er einskis manns þræll“; en er

ekki hugsanlegt (eins og til dæmis T.H. Green¹⁸ heldur ávallt fram) að vera þræll náttúrunnar eða óbeislædra ástríðna sinna? Eru þetta ekki mismunandi tegundir sömu ættar, það er „ættar þræla“, sumar stjórnmálalegar eða lagalegar, aðrar siðferðilegar eða andlegar? Hafa menn ekki öðlast reynslu af því að frelsa sig undan andlegri nauðung eða nauðung náttúrunnar, og hafa þeir ekki um leið kynnst annars vegar ríkjandi sjálf og hins vegar einhverju í sjálfum sér sem er brotið á bak áftur? Þetta ríkjandi sjálf er svo ýmist kennit við skynsemi, „mitt æðra sjálf“, eða sjálf sem yfirvegar og setur markmið sem fullnægja því um lengri tima. Það er einnig kennit við mitt „raunverulega“ sjálf, „fyrirmýndarsjálf“, „sjálfstætt sjálf“, sjálf mitt „eins og það gerist best“; og sem andstædu er svo stillt upp óróklegum hvötum, taumlausum ástríðum, mínu „óæðra“ sjálf, sókn eftir standaránaegju, mínu „áhrifagjarna“ eða „reikula sjálf“ sem skolast undan hverri bylgju langana og ástríðna og þarfnaðast rækilegrar ögunar eigi það að upphefast til síns „raunverulega“ edlis. Nú má jafnvel segja að enn dýpri gjá aðskilji sjálfin tvö: hið raunverulega sjálf má hefja yfir einstaklinginn (í hefð-bundnum skilningi þess orðs) og skoða það sem þjóðfélagslega „heild“, þar sem einstaklingur er aðeins ein hlið eða eining í henni, eða sem ættbálk, kynstofn, kirkju, ríki eða sem hið mikla samfélög allra kynslóða mannkyns í fortíð, nútíð og framtíð. Þessi heild er þá skoðuð sem hið „sanna“ sjálf sem þróngvar sínum sameiginlega eða „lífraena“ heildarvilja upp á mótpróafulla „meðlimi“ sína, og öðlast frelsi sitt og um leið „æðra“ frelsi meðlimanna. Það hefur oft verið bent á þann háská sem fylgir því að nota líkingu við lífrænar heildir til réttlætingar á því að sumir menn beiti aðra þvingunum til þess að hefja þá til „æðra“ stigs frelsis. Það sem virðist gera slíka orðanotkun tæka er að stundum viðurkennum við að það sé mögulegt, og stundum réttlætanlegt, að þvinga menn í nafni markmiðs (segjum til dæmis réttlætis eða almenns heilbrigðis) sem ekki er þeirra eigið, en væri það ef þeir sjálfir væru upplýstir en ekki blindir, fávísir eða spiltir. Þetta gerir mér auðvelt fyrir að þvinga aðra, í þeirri trú að það sé í þeirra eigin þágu en ekki mína. Ég tel mig þá þekkja raunverulegar þarfir þeirra betur en þeir gera sjálfir. Þetta felur ekki í sér annað en það að væru þeir skynsamir og byggju yfir visku minni og skilningi á hagsmunum þeirra, myndu þeir ekki sýna mér neinn mótpróoa. En ég get gengið lengra en þetta. Ég gæti fullyrt að í raun stefni þeir að því sem þeir í formyrkyudu ástandi sínu streitast gegn, vegna þess að innra með þeim sé að finna torræðan hlut — duldan, skynsaman vilja þeirra eða raunverulegu ætlun — sem, þrátt fyrir að vera á skjón við það sem þeir finna, gera og segja, sé hið „raunverulega“ sjálf þeirra, sem hið tóma reynslulausa sjálf, í tíma og

¹⁸ Thomas Hill Green (1836–1882) var enskur heimspekingur. Kenningar hans voru sérkennileg blanda af hughyggju Hegels og breskri frjálslyndisstefnu. (Þýð.)

rúmi, hafi lítil eða engin kynni af. Og ég gæti fullyrt að aðeins óskir þessa innri anda verðskuldi að vera teknar alvarlega.¹⁹ Þegar ég hef tekið þessa afstöðu er ég í aðstöðu til að hafa að engu hversdagslegar óskir manna og samfélaga, að kúga þá og pynta í nafni, og í þágu þeirra „raunverulega“ sjálfss, og allt í þeirri fullvissu að hvert sem hið sanna markmið manns er (hamingja, skyldurækni, viska, réttlátt þjóðfélag, sjálfsproski) hljóti það að vera hið sama og frelsi hans — það er frjálst val hins kaffærða og ómálga, en samt sanna, sjálfss hans.

Oft hefur verið flett ofan af þessari þversögn. Það er eitt að segjast vita hvað X sé fyrir bestu, þótt hann viti það ekki sjálfur, og jafnvel að hunsa óskir hans í hans eigin þágu; og annað er að segja að þótt hann hafi ekki valið það meðvitað á hversdaglegan hátt, hafi hann í raun valið það með hinu skynsama sjálf sem hið veraldlega sjálf þekkir ekki, það er með því sjálfí sem greinir það sem gott er og getur ekki valið annað en það góða þegar það hefur verið dregið fram í dagsljósíð. Þessi skelfilegu hlutverkaskipti, sem felast í því að jafna saman því sem X myndi velja væri hann það sem hann er ekki, að minnsta kosti ekki enn, og því sem hann í raun velur og sækist eftir, eru kjarni allra stjórnmálakenninga sem boða sjálfsproskun. Það er eitt að segja mig vera þvingaðan til þess sem ég er of blindur til að sjá að er mér til góðs: það gæti hugsanlega verið mér í hag stundum; og raunar getur það aukið athafnafrelsí mitt. Og það er annað að segja að sé það, sem mér er þróngvað til, mér til góðs, þá sé ekki verið að þvinga mig, því ég hafi viljáð það, þótt mér sé það ekki ljóst, og að ég sé frjáls — eða „sannlega“ frjáls — þó að minn vesæli jarðneski líkami og fífli hugur neiti því hardlega og berjist í örvaentingu gegn þeim sem af góðum vilja reyna að þróngva því upp á mig.

Þessa sjónhverfingu (sem William James spottaði Hegelista svo réttilega fyrir) er vafalaust hægt að fremja með sama hægðarleik á hinu „neikvæða“ frelsishugtaki. Þá yrði sá, sem ekki má hindra, ekki lengur einstaklingurinn með sínar hversdagslegu óskir og þarfir, heldur hinn „raunverulegi“ maður innra með honum, kenndur við leit að hinu sanna markmiði sem hið veraldlega sjálf hans lætur sig ekki dreyma um. Og rétt eins og hið „jákvæða“, frjálsa sjálf, má blása það svo út að það verði að einhverju æðra manninum — ríki, stétt, þjóð, eða sjálfum gangi sögunnar, sem er þá „raunverulegi“ handhafi eiginleika en hið veraldlega sjálf. En saga kenn-

¹⁹ Árið 1881 sagði T.H. Green: „Hugsjón sanns frelsis er að allir lifandi meðlimir mannlegs samfélags séu sem hæfastir til að gera sem best úr sjálfum sér.“ Auk þess sem hann slær saman frelsi og jöfnuði, þá felur þetta í sér að ef maður kýs sér einhverja standaránaegju, sem (að hvers mati?) ekki gerir honum kleift að gera hið besta úr sjálfum sér (hvaða sjálfí?) þá er hann ekki að iðka hið „sanna“ frelsi; og sé hann sviptur ánægjunní missir hann ekkert sem máli skiptir. Green var sannarlega frjálslyndur en forskrift hans hefði nýst mórgum hardstjóranum til að réttlæta hina verstu kúgun.

Isaiah Berlin

inga og athafna sýnir að í raun hefur hið „jákvæða“ hugtak um frelsi, sem er það að ráða yfir sjálfum sér og leiðir hugann að manni í uppreisn gegn sjálfum sér, reynst liggja betur við þessum klofningi persónuleikans í tvennt: í hinn upphafna ríkjandi stjórnanda og veraldlegan samtíning langana og ástríðna sem þarf að beisla og brjóta á bak aftur. Þetta sýnir (sé þörf fyrir að sýna svo augljós sannindi) að skilningur á frelsi leiðir beinlínis af því hvað er talið skapa sjálf, persónu eða mann. Með því að sveigja skilgreininguna á manneðlinu að geðþóttu, getur maður gert frelsi að hverju því sem maður óskar sér. Saga samtímans gerir okkur afar ljóst að þetta er ekki aðeins fræðilegt vandamál.

Róbert Viðir Gunnarsson þyddi